

skemmtilegt margmiðlunarverkefni sem kennarar geta nýtt sér til undirbúnings eða úrvinnslu safnheimsóknar.

Rúta og verkefni á Kjarvalsstöðum fyrir 6. bekk

Lífið er list – Listin er lífið – Jóhannes S. Kjarval

Verkefni um Jóhannes Sveinsson Kjarval veitir góða innsýn í ævistarf listamannsins. Nemendur skoða lykilverk eftir listamanninn og vinna verkefni sem krefst þess að nemendur velji sér verk og rýni í þau, myndi sér skoðun og beri saman áhrifaþætti í listaverkum Kjarvals.



Frá sýningunni RÍM í Ásmundarsafni.

Rúta og verkefni í Hafnarhúsi fyrir 8. bekk

Hugsað með augunum – Erró


Áleitinn myndheimur listamannsins Errós og myndmál popplistar höfða sérstaklega vel til unglinga sem verða fyrir miklu sjónrænu áreiti í daglegu lífi sínu. Ævi og vinnuáferðum listamannsins eru gerð góð skil í heimsókninni.

Framhaldsskólar: Sjónræn upplifun er mikill þáttur skynjunar og skilnings

Tekið er á mót framhaldsskólanemum í ýmsum greinum, til dæmis listasögu, almennri sögu, ferðarþjónustu-fræðum, mannræði og menningarfræði. Fræðsludeild safnsins aðstoðar einnig kennara sem hug hafa á að koma með nemendahópa til að vinna afmörkuð verkefni upp á eigin spýtur.

Samkvæmt Aðalnámskrá framhaldsskóla: Listir (1999: 25) er hugtakið sjónlistir notað um það víðfeðma svið sem tekur til myndgerðar og manngerðs umhverfis í nútímasamfélagi. Jafnframt er bent á að með þekkingu og skilningi á táknmáli lista eykst færni við að meta og greina sjónrænar upplýsingar. Heimsókn á listasafn hentar einkar vel til að gera nemendur læsa á umhverfi sitt.

Samfimalistir vekja oft sérstakan áhuga framhaldsskólanema og er fjöldi slíkra sýninga á dagskrá safnsins. Bent er sérstaklega á námskeið fyrir framhaldsskólanema í fjölnotasal Hafnarhúss 12., 19. og 26. nóvember og 3. desember: krÚtt og kvikYndi – sjálfsmýndapælingar og pot, ímyndir og myndlist. Sjá nánar í kafla um sýningar í Hafnarhúsi.



Eyborg Guðmundsdóttir, 1975. *Án titils.*

Í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Lífsleikni (1999: 15) er lögð áhersla á að nemendur fái tækifæri til að njóta list- og menningarviðburða. Í Aðalnámskrá framhaldsskóla: Íslensku (1999: 31) er bent á að mikilvægt sé að nemendur í mál- og menningarsögu fái tækifæri til að kynna söfnun og skoða listaverk.

Háskólar

Tekið er á mót háskólanemum og þeim veitt leiðsögn um sýningar Listasafns Reykjavíkur, í Ásmundarsafni, Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Óski kennarar eftir sérstakri umfjöllun um efni á sérfræðisviði safnsins er þeim bent á að hafa samband við fræðsludeild með góðum fyrirvara. Deildin skipuleggur fyrirlestra og stefnumót við listamenn, sýningarstjóra, menntunarfræðinga og aðra sérfræðinga innan safnsins.



Forvitnileg safnheimsókn á Kjarvalsstöðum.



Flökkusýning Listasafns Reykjavíkur.



Listsmiðja í tengslum við Flökkusýningu.



Hallgrímur Helgason, 1999. *Museum (Safn).*



Birgir Andrésón, 2004. *Mannlýsing I.*

Flökkusýning Listasafns Reykjavíkur

Grunnskólum Reykjavíkur borgar býðst nú einstakt tækifæri til að pantar sýninguna **Myndlist og manneskjur – eru allir öðruvísi?** í skólann til sín í 2–3 vikur í senn ásamt vönduðum verkefnum fyrir miðstig og unglingastig í myndmennt og lífsleikni, skólanum að kostnaðarlausu. Sýningin er í tveim sérhönnuðum flökkukistum á hjólum. Listaverkin á sýningunni eru öll úr safneign og eftir íslenska myndlistarmenn sem hafa á einn eða annan hátt fjallað um manninn: Mannlýsingar, ólík sjónarhorn, ímyndir, menningararfur tengdur æsku, klisjur og fordómar. Verkin eru eftir Birgi Andrésón (1955–2007), Guðmund Guðmundsson, Erró (f. 1932), Hallgrím Helgason (f. 1959), Jóhann Ludvig Torfason (f. 1965), Kristján Davíðsson (f. 1917), Sigurð Guðmundsson (f. 1942), Ólaf Ólafsson (f. 1973) og Líbíu Castro (f. 1971) og Ólöfu Nordal (f. 1961). Í boði er kynning á sýningunni og kennslupakkanum í viðkomandi skóla. Upplýsingar veitir verkefnastjóri fræðslu, AlmaDís Kristinsdóttir, í síma 820 1205.



Ólafur Ólafsson og Líbíu Castro, 2008. *Allir gera það sem þeir geta* (þrjú viðtöl úr skjáverki, myndin sýnir Jón Gnarr).

Listasafn Reykjavíkur

Skólaárið 2009–2010

Yoshitomo Nara + graf, 2008. *Drawing Room (Vinnustofa).*

Safnfræðsla: Líflegt nám á safni

Kjarvalsstaðir
Hafnarhús
Ásmundarsafn



Grunnskólaheimsókn.



Leikskólaheimsókn.

Listasafn Reykjavíkur starfar á þremur stöðum í borginni, í Ásmundarsafni, í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum. Fræðsludeild safnsins hefur aðsetur í Hafnarhúsi og eru allar upplýsingar veittar þar.

Ásmundarsafn, við Sigtún, 105 Reykjavík, s. 553 2155
Pantið fræðslu í s. 590 1200
Almennur sýningarfími: 1.5.–30.9. daglega kl. 10–16
1.10.–30.4. daglega kl. 13–16
Samgöngur: Strætisvagn nr. 14 og allir vagnar sem fara um Suðurlandsbraut

Hafnarhús, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík, s. 590 1200
Almennur sýningarfími: Alla daga kl. 10–17
Á fimmtudögum er opið til kl. 22
Samgöngur: Allir strætisvagnar sem fara um Lækjartorg

Kjarvalsstaðir, við Flókastræti, 105 Reykjavík, s. 517 1290
Pantið fræðslu í s. 590 1200
Almennur sýningarfími: Alla daga kl. 10–17
Samgöngur: Strætisvagn nr. 13 og allir vagnar sem fara um Hlemm og Miklubraut

Fræðsla fyrir nemendur alla virka daga kl 8.30–15.30. Upplýsingar og bókanir hjá fræðsludeild virka daga í síma 590 1200 eða um netfangið fraedsludeild@reykjavik.is. Safnfræðsla er veitt skólum að kostnaðarlausu.

Upplýsingar um sýningar, fræðslu og viðburði er að finna á heimasíðu safnsins, www listasafnreykjavikur.is

Spennandi skólaár framundan í Listasafni Reykjavíkur

Eitt af meginmarkmiðum fræðslustarfs Listasafns Reykjavíkur er að vekja safngesti, stóra sem smáa, til umhugsunar um myndlist, hvort sem það felst í nánari skoðun á listaverkum, umræðu um þau, upplýsingum eða að aðstoða safngesti við að njóta listaverka á eigin forsendum. Með markvissri þjónustu við kennara og nemendur á öllum skólastigum viljum við stuðla að aukinni yfirsýn og skilningi á íslenskrri og alþjóðlegri myndlist og gera Listasafn Reykjavíkur að eftirsóknarverðum viðkomustað í lífi fólks. Undanfarin ár hefur aukin áhersla verið lögð á dagskrá fyrir fjölskyldur í safninu, listsmiðjur ýmiss konar, fræðslugöngur og fyrirlestra, sem kennarar, foreldrar og nemendur geta nýtt sér án nokkurs tilkostnaðar.

Líflegur vettvangur til náms

Á listasafni myndast oft frjótt og skapandi umhverfi til fræðslu með ótal spennandi möguleikum. Upplifun á safni getur verið eftirminnilegur hluti af námi, góð tilbreyting frá hefðbundinni kennslu og kveikja að skapandi hugsun. Safnfræðsla í listasafni vikkar sjöndeildarhringinn og er því kjörinn vettvangur til náms. Kennarar sem koma með nemendur í safnið gegna lykilhlutverki í safnheimsóknum, því þeir þekja sitt fólk. Safnkennarar þekja aftur á móti sýningar safnanna og rými, og eru reiðubúin til að aðstoða kennara sem vilja nýta sér sýningarnar og safnumhverfið á skapandi hátt.

Áherslur og framkvæmd

Tekið er á móti nemendum af öllum skólastigum, leikskóla-, grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólanemum. Foreldrafélög geta einnig pantað samverustund í sófnunum og fengið leiðsögn og hressingu á vægu verði. Heimsóknir eru sniðnar að hverju námsstigi fyrir sig og skipulagðar í samvinnu við kennara ef þeir kjósa. Tekið er á móti skólahópum alla virka daga á milli klukkan 8.30 og 15.30 eða eftir samkomulagi. Safnfræðsla er veitt skólum að kostnaðarlausu. Heimsóknin tekur eina til tvær kennslustundir. Hámarksfjöldi nemenda í hópi er 25 eða einn bekkur. Bókið tíma með góðum fyrirvara. Við hlökkum til að heyra frá ykkur!

Hvað er að gerast, hvencær og fyrir hverja?

Hér eru sýningar framundan kynntar í stuttu máli og dregin fram lykilorð og áherslupunktur sem geta nýst við undirbúning safnheimsókna og úrvinnslu. Húsin okkar eru litamerkt bæði hér og í dagskrárábæklingnum þannig að allt sem merkt er grænum lit á við Ásmundarsafn, Hafnarhús hefur rauðan lit og Kjarvalsstaðir bláan.

Í **Ásmundarsafni** er lögð áhersla á að kynna list og ævistarf Ásmundar Sveinssonar (1893–1982) og stöðu hans sem frumkvöðuls innan íslenskrar höggmyndalistar. Sýningin RÍM stendur til 30. apríl 2010 og hentar öllum aldurshópum. Á þessari sýningu eru verk eftir 11 framsækna og spennandi samfélalistarann. Þeir glíma við áþekk viðfangsefni og Ásmundur og verk þeirra ríma sjónrænt við verk hans en eru jafnframt mótud af tíðaranda og tækni ólíkra tíma. Þarna er einnig gott yfirlit um verk Ásmundar. Listamennirnir sem sýna innan um verk Ásmundar eru Birgir Snæbjörn Birgisson (f. 1966), Davíð Örn Halldórsson (f. 1976), Eirún Sigurðardóttir (f. 1971), Finnur Arnar Arnarsson (f. 1965), Guðrún Vera Hjartardóttir (f. 1966), Hrafnkell Sigurðsson (f. 1963), Kristín Gunnlaugsdóttir (f. 1963), Ólaf Nordal (f. 1961), Pétur Örn Friðriksson (f. 1967), Sara Riel (f. 1980) og Steingrímur Eyfjörð (f. 1954). Sjá upplýsingar í grunnskóla kaflanum um ókeypis rútu og verkefni í Ásmundarsafni fyrir 4. bekk.

Lykilorð til að vinna með við undirbúning og úrvinnslu safnheimsóknar í Ásmundarsafn: – að myndgera hljóð, fyrirboðar, gróska, hetjur, móðir, næring, samband manns við náttúru/veður, starfsstéttir, sköpun, tröll, umbreyting, viðhorf til vinnu, þjóðsögur og þjóðtrú.

Í **Hafnarhúsinu** eru kynntar nýjustu stefnur og straumar í myndlist – nýjar leiðir og tilraunir með tjáningarform þar sem listmiðillinn er í stöðugri endurskoðun.



Ilmur Stefánsdóttir, 2009. Erró: Myndaspil.

A-salur Japanski listamaðurinn Yoshitomo Nara (f. 1959) er heimsþekktur fyrir iskyggilega sakleysislegar myndir sínar af krakkalegum krúttum, sem þó hafa í sér einhvern samfélagslegan brodd. Sýning með verkum hans hefst 17. september. Verk Naras hafa verið kölluð dularfull og aðlaðandi popplist í anda nýrrar aldar. Myndefni hans af börnum er oft tengt japönsku manga-myndasöguhefðinni en rætur verkanna eru nær æsku listamannsins þótt vissulega megi sjá hliðstæður í viðfangsefnum hans og manga-hefðarinnar. Metnaðarfull dagskrá, málþing og fyrirlestrar eru á boðstólum í tengslum við þessa sýningu.

B- og C-salur Ari Alexander Ergis Magnússon stýrir sýningu með völdum römmum úr myndum Lars von Trier og Friðriks Þórs Friðrikssonar. Sýningin ber nafnið **Börn náttúrunnar gegn Anfikristi** og stendur til 18. október. Á sýningunni eru tólf málverk af myndrömmum úr þessum kvikmyndum. Nýta mætti sýninguna við umfjöllun um fagurfræði kvikmynda út frá forsendum myndlistar. Egill Sæbjörnsson (f. 1973) opnar sýninguna **Verkin tala** 29. október og sýnir þar ný og eldri verk en Egill vinnur jöfnum höndum í tónlist og myndlist. Þessar sýningar henta líklega best eldri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólanemum.



Gardar Eide Einarsson, 2009 (ljósm. David Armstrong fyrir blaðið Interview).

Námskeið fyrir framhaldsskólanema í fjölnotasal Dagana 12., 19. og 26. nóvember og 3. desember verður í gangi fyrir framhaldsskólanema námskeiðið **krÚtt og kvikYndi** – sjálfsmyndapælingar og pot, ímyndir og myndlist. Námskeiðið tengist einkum sýningum Yoshitomos Naras og Egils Sæbjörnssonar og sýra því sérfræðingar í myndlist, tónlist og myndasögum. Unnið verður bæði þrívítt og tvívítt og afrakstur námskeiðsins hengdur upp í fjölnotasal eina kvöldstund. Aðeins 20 framhaldsskólanemar komast að og kostnaði er haldið í lágmarki. Skráning fer fram gegnum netfangið fraedsludeild@reykjavik.is.



Jóhannes S. Kjarval, 1961. Skjalðmey.

A-, B- og C-salur 2010 Á fyrri hluta ársins verður stór samsýning á veggmyndum og öðrum málverkum ungra íslenskra myndlistamanna sem sækja innblástur í poppmenningu síðustu ára. Fremur en að mála innan marka rammans tjá þessir kraftmiklu og litaglöðu málalarar sig oft í innsetningum sem umbreyta sýningar-rýminu með skærum litum og súrrealískum formum. Seinna á árinu verða sýnd verk eftir norsk-íslenska listamanninn Gardar Eide Einarsson (f. 1976) sem býr og starfar í New York-borg og hefur vakið mikla athygli í listheiminum að undanförmu. Hann tekur sér oft útgangspunkt í æskumenningu og gefur innsýn í háværa og gagnrýna sjónmenningu ungs fólks.

D-salur Í D-sal er ungum og efnilegum myndlistar-mönnum gefið tækifæri til að vinna verk sérstaklega fyrir salinn. Sýningarnar bera númer þess listamanns sem komið er að í röðinni. D13 er Ingibjörg Birgisdóttir (f. 1981). Kynnið ykkur heimasíðu safnsins og dagskrárábækling til að fá nánari upplýsingar um sýnendur og viðburði tengda þessari sýningaröð. Hentar sérstaklega vel þeim sem vilja fylgjast með því sem er að gerast í samfélalíst.

E-salur Sýningin **ERRÓ – mann lýsingar** stendur til sumarloka 2010. Þar eru sýnd málverk, samklipp og grafík af ýmsum þekktum einstaklingum úr sögu, stjórnmálum, vísindum og tækni, bókmenntum, myndlist og tónlist. Sýningin er sett upp í tilefni af 20 ára afmæli listaverkagjafar Guðmundar Guðmundssonar, Errós (f. 1932), og nýlega kom af sama tilefni út vegleg bók, samnefnd sýningunni, sem getur komið að góðu gagni við kennslu, sérstaklega á framhaldsskóla- og háskólastigi.

F-salur Sýningin **Japönsk ástarbréf** stendur til 31. desember 2009. Hún tengist heimsreisu Errós í kringum 1970. Sýningin **Geimfarar** hefst í janúar 2010 en í þeim verkum blandar Erró saman öllum veröldum úr málverkum Ingres og úr myndum frá NASA,

Geimferðastofnun Bandaríkjanna. Aðrar sýningasýrpur framundan eru **Konur frá Norður-Afríku** og **Dúkkur**.

Sjá upplýsingar í grunnskólakafla um ókeypis rútu og verkefni um Erró í Hafnarhúsi fyrir 7. og 8. bekk.

Lykilorð til að vinna með við undirbúning eða úrvinnslu safnheimsóknar í Hafnarhús: – ástarbréf, bókmenntir, dúkkur, gagnrýnin viðhorf, geimfarar, húmor, japönsk sjónmenning, krútt, kvikmyndir, manga, mann lýsingar í myndum, minningar, myndlist og tónlist, ólíkir menningarheimar, popplíst fyrr og nú, samklipp, saga, sjálfsmynd, stjórnmál, vísindi og tækni, æska.

Kjarvalsstaðir eru nýttir markvisst til þess að kynna það besta í nýrri og eldri myndlist, og er áhersla lögð á vandaðar málverkasýningar, höggmyndir og hönnun. **Austursalur** Jóhannes Sveinsson Kjarval (1885–1972) var einn af frumkvöðlum íslenskrar málaraalistar og hefur list hans mótað sýn Íslendinga á sérstöðu landsins og náttúru þess. Á sýningunni, sem stendur til ársloka 2009, eru lykilverk þessa ástsæla listmálara sýnd og mynda þau gott yfirlit um feril hans og áherslur.

Sjá upplýsingar í grunnskólakaflanum um ókeypis rútu og verkefni um Kjarval á Kjarvalsstöðum fyrir 6. bekk.

Vestursalur: Sýningin **BLIK** stendur til 8. nóvember og er þar á dagskrá OP-list á Íslandi frá miðjum sjöunda áratugnum til dagsins í dag út frá verkum listamanna á borð við Eyborgu Guðmundsdóttur (1924–77), Hrein Friðfinnsson (f. 1943), Ólaf Eliasson (f. 1967) og JBK Ransu (f. 1967). Sjónblekking og vísindi sem liggja í litum, ljósi og formum þessara verka eru skoðuð í nýju samhengi, bæði í tíma og rúmi. Hinn 21. nóvember opnar sýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur, fatahönnuðar og borgarlistamanns 2009. Steinunn hefur vakið heimsathygli fyrir hönnun sína og hentar sýningin afar vel nemendum sem hafa áhuga á fisku- og fatahönnun.

Á fyrri hluta ársins 2010 er ráðgert að opna yfirlits-sýningu um sögu vatnslita sem miðlis frá upphafi íslenskrar myndlistarsögu á Kjarvalsstöðum og gefst kennurum og nemendum þar gott tækifæri til að kynnst þessari gömlu listgrein upp á nýtt. Á sýningunni verða verk eftir bæði þekktta og minna þekktta málara sem hafa fundið hæfileikum sínum farveg í vatnslitaverkum. Þá er í undirbúningi alþjóðlegt samvinnuverkefni um ljósmyndun sem listmiðil.

Vinsamlegast kynnið ykkur dagskrárábækling safnsins sem kemur út að hausti, í upphafi árs og að vori. Á

heimasíðu safnsins, www.listasafnreykjavikur.is, er hægt að skrá sig á póstlista til að fá rafrænar fréttatilkynningar og fylgjast þannig enn betur með öflugri fræðsludagskrá safnsins.

Norðursalur Þessi salur er tileinkaður fræðslu og fjölskyldum. Settar eru upp sýningar eða listsmiðjur með skemmtilegu viðfangsefni til að sameina börn og fulloröna í því verkefni að skoða og uppgöta myndlist á eigin forsendum. Hinn 12. september opnar BLIKsmiðja í tengslum við sýninguna **BLIK** í vestursal. Þar gefst fólki færi á að spreyta sig á skemmtilegum verkefnum sem tengjast blik-list, sjónblekkingum og vísindum. 21. nóv. opnar listsmiðja í tengslum við sýningu Steinunnar Sigurðardóttur, fatahönnuðar. Hópar eru velkomnir en þurfa að bóka tíma. Ljósmyndir og vatnslitir verða á dagskrá í byrjun árs 2010.

Leikskólar: Að skynja og skilja list

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999: 23) er sérstaklega tekið fram að lærdómsríkt sé að fara á listsýningar og listasöfn. Við bendum leikskólakennurum á Ásmundar-safn sem heppilegan vettvang fyrir safnheimsóknir. Þar eru listaverkin aðgengileg bæði úti og inni og byggingin sjálf er spennandi og óvenjuleg. Á Kjarvalsstöðum í Norðursal eru reglulega settar upp sýningar og list-smiðjur með ákveðin fræðslumarkmið í huga, og henta þær vel þessum aldri.

Grunnskólar: Tækifæri til að njóta menningar og lista

Í Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni (2007: 5–8) er rætt um þörfina á að efla borgaravitund nemenda. Þar getur heimsókn á listasafn verið mikilvæg, auk þess að gefa nemendum kjörið tækifæri til að njóta menningar og lista. Flestar sýningar safnanna gefa tilefni til vinnu með grunnskólanemum, en lögð er sérstök áhersla á verkefni um Ásmund Sveinsson fyrir 4. bekk, um Kjarval fyrir 6. bekk og um Erró fyrir 7. og 8. bekk. Í tengslum við þessi verkefni fá nemendur 4., 6., 7. og 8. bekkjar í grunnskólum Reykjavíkur ókeypis rútuferð á sófnin.

Rúta og verkefni í Ásmundarsafni fyrir 4. bekk í kálgarði tilverunnar – Ásmundur Sveinsson Verkefni um Ásmund Sveinsson varpar ljósi á lista-manninn, samfið hans og viðfangsefni. Í safninu og á slóðinni asmundursveinsson.reykjavik.is er að finna